

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag, Ásgeirsstaðir, Fljótsdalshéraði.

Bæjarráð í krafti bæjarstjórnar Fljótsdalshéraðs samþykkti þann 19. desember 2016 deiliskipulag fyrir Ásgeirsstaði á Fljótsdalshéraði, sem samþykkt var í umhverfis- og framkvæmdanefnd þann 14. desember 2016.

Ásgeirsstaðir eru í um 11 km akstursleið norðan við þéttbýlið á Egilsstöðum og 4 km akstursleið suðaustan við Eiða, á svæði sem skilgreint er sem verslunar- og þjónustusvæði í aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs 2008-2028 með síðari breytingum. Um er að ræða gistaðstöðu fyrir ferðafólk og fyrir liggur uppdráttur deiliskipulags þar sem gert er ráð fyrir allt að 16 litlum húsum, samtals 450 fermetrar á 1,15 ha svæði. Stærð húsa verði á bilinu 15-36 fermetrar, byggð úr timbri, á einni hæð og með lágu risi. Mænisstefna verður vestsuðvestur/austnorðaustur. Byggingarreitirnir eru fjórir, innan reita 1 og 4 verður heimilt að staðsetja 3 stök hús en á reitum 2 og 3 verður heimilt að staðsetja 5 stök hús. Gert er ráð fyrir einu bílastæði fyrir hvert hús.

Auglýsing þessi vísar í uppdráttinn Ásgeirsstaðir/lóð 1, gistiþjónusta, sem er dagsettur 18. maí 2016, verknúmer: 15-012, útgáfa A.

*Fljótsdalshéraði, 8. mars 2017.*

**Vífill Björnsson**, skipulags- og byggingarfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 22. mars 2017